

1281

Jónsbók**Mannhelgi.****Kap. 8. Um óðs manns víg ok hversu með hann skal fara.**

Ef óðr maðr brýst ór böndum ok verðr hann manns bani, þá skal bæta af fé hans . . . ef til er . . . En ef óðr maðr særir mann, þá skal arfi uppi láta vera sárþætr ok læknisfé af fé hins óða.

Kap. 13. Um váðaverk.

Váðaverk eru með mikilli skynsemd greinandi, með hverjum atburðum er þau kunnu til at falla; því at þar sem maðr tekr manni blóð eða leggir eld á mann, eða þat annat með lækningu, er hvártveggj hyggir heilsubót af verða, þá er þat með öllu bóttalaust, þó at hinn fái bana eða mein af. Ok í öllum stöðum þeim er menn skulu sér til þarfenda vinna ok með mönnum til hagligra hluta lið at veita, þá eru þessi váðaverk meirr virðandi en hin, er engin nauðsyn dregr til, nema gáleysi ok mikit skammsýni. Nú þó at tveir menn fari í skóg saman, ok skýst annars öx á annan at óvilja þess er á skapti helt, ok deyr hann af, þá skal hinn bæta fjórðung bóta erfingja hins dauða . . . Ok svá skal hvervitna þessi váðaverk bæta, ef þeir hafast þat at er til nytsemdar heyrir, hvárt er menn fá af mein eða bana at óvilja þess er gerði . . . En öll önnur váðaverk, svá sem skjóta eða kasta yfir skip eða hús eða hæðir, eða aðra þarfleysu at gera, hvárt sem menn fá mein af, sár eða bana, at óvilja þess er gerði, þá skal bæta . . . Þat má eigi váðaverk kalla, ef maðr höggir eða lýstr til manns, þó at á annan komi en hann vildi, með því at hann vildi einhverjum illt gera. Nú heldr maðr á vápni, en annar rasar á ok skeinist, bæti eptir dómi eptir atvikum . . . En ef annarr hrindr honum á vápn, bæti sá . . . En hvar sem maðr hefir komit vápni sínu, ok hafi hann eigi sjálfr á haldit . . . þá bætir hann engu, þó at menn skeinist á . . . Nú gengr maðr til leiks, fangs eða skinn-dráttar at vilja sínum, þá ábyrgist hann sik sjálfr at öllu, þó at hann fái mein eða skaða af . . .

Kvennagiptingar.**Kap. 12. (Et. 18). Um arfsísetning ok skuldalykning.**

. . . Vélakaup skal at vettugi hafa. . . .

Kap. 23. (Frfb. 1).

. . . Frá . . . ómögum skal maðr eigi seljast arfsali, ok engum þeim er áðr eru á féit komnir . . .

Kap. 30. (Frfb. 8). Um arfván ok arfsöl.

. . . Seljast má maðr arfsali, ef hann vill, ef sá er engi ómagi, er hann á fram at færa, eða fær þeim staðfestu, með því móti, at . . . skynsamir menn geri þat kaup með honum ok þeim er við tekr. . . . En sá er arfsali vill seljast skal fyrst bjóða frændum sínum nánustum . . . við honum at taka, þeim er fullar vörslur hafi. . . .

Kaupabálkr.**Kap. 1.**

Þat er nú því næst, at várr skal engi fyrir öðrum taka. Ekki skulum vér oss at gripdeildum gera. Dóms er hverr maðr verðr fyrir sínu at hafa. En sá er fyrir öðrum tekr, þá skal hann þat aprt færa, ok bæti þeim er hann tók fyrir. . . .

Kap. 2. Hverir vitni megu bera ok verjast kröfu.

. . . Hvervetna þar sem menn kaupa saman at lögum, þá skal aprt ganga oftalt, en fram vantalt, þar til er þeir hafast réttar tölur við.

Kap. 4. Um vitafé ok skuldaluktning.

. . . Nú kemr sá eigi er féit skyldi taka, en sá kemr er reiða skal, þá skal bjóða fé í eindaga, ef nokkurr er sá þar er um sé boðit . . . at taka við fé því, þá skal þeim í hönd selja. En ef engi er sá þar, þá skal hann segja ór ábyrgð sinni, ok hafi sá er áðr hafði ok ábyrgist við handvömmum sínum til þess er sá kemr eptir er á, þá skal honum í hönd selja. . . .

Kap. 14. Um kaupfox, ef maðr selr einn grip tveimr mönnum senn.

Nú skulu haldast . . . mál þau er bók mælir eigi í móti ok haldast megu at lögum. Þat má eigi haldast, ef maðr selr manni þat er hann hefir öðrum fyrr selt. En ef sá hefir hönd at er síðarr keypti, þá . . . á sá kaup at hafa er fyrr keypti, ef honum fullnast vitni. . . . Þá er þeim kaupfox er síðarr keypti. . . . Þat er kaupfox, ef maðr kaupir þat er hinn átti ekki í er seldi, nema at þess ráði væri selt er átti. Nú skal hann hitta þann, sem honum seldi ok heimta sitt af honum. . . .

Kap. 21. Hversu vitafé er ok ábyrgð á láni.

Sá skal lán ábyrgjast er þiggr ok koma heilu heim. . . . Nú lér maðr eða selr þat er honum er lét ok misferr þat, þá skal hinn heimta at hvárum sem hann vill, þeim er seldi eða hinum er keypti, ok svá skal hvervetna þar sem maðr selr eða lér annars eigu.

Kap. 23. Um skuldskeytingar ok umboð.

Nú heimtir maðr skuld at manni . . . ok skuldskeytir hann hann við annan mann þá hefir hann lokit þeirri skuld sér af hendi, ef . . . hinn tók þann skuldarstað. . . . Svá ok ef maðr fær manni lögligt umboð at heimta fé sitt, þá skal gjaldandi umboðsmanni svara, en eigi eiganda, nema hann hafi . . . sjálfr aprt tekit þat umboð.

Farmannalög.**Kap. 28. Um skips lán eða hross.**

Nú lér maðr manni hross sitt eða skip ok vill sá hafa at þörf sinni er lét var, en hinn ferr til er léði ok tekr af honum lánit, þá gjaldi hann . . . er átti skip eða hross. En ef sá hefir víðara eða lengr at veðri færu en honum var lét, þá gjaldi hann . . . skaða þann er þeim verðr at er léði. Nú lér hann öðrum mönnum þat skip, þá sekjast þeir er hafa, ef þeir vissu þat at sá á eigi at ljá. Nú hyggja þeir at sá megi ráða skipinu, ok varðar hinum einum þá. Nú koma þeir aprt er með skip manns hafa farit, þá skulu þeir upp setja skipit ok búa svá um sem áðr var. Nú megu þeir eigi upp koma, þá skulu þeir fara ok segja þeim manni er skip þat á, at þeir megu eigi upp koma, ok biðja hann tilfarar ok bjóða lið sitt at. Nú vill hann eigi til fara, ok ábyrgist hann þá sjálfr, en þeir ella er með fóru, ok svá ef þeir búa eigi svá um sem áðr var um búit. Ef maðr lér manni skips eða selr á leigu, þá verðr þeim mönnum öllum heimilt skipit til farar er sá þarf í þá för at hafa.

Þjófabálkr.**Kap. 15. Um ábyrgð á geymslufé.**

Nú selr maðr fé sitt til hirslu af trúnaði öðrum manni, þá skal sá er við tekr hirða ok varðveita sem sitt fé, þat er hann vill vel varðveita . . . , nema hann segi þat, þá er hann tók við, at hann vildi at engu ábyrgjast. . . . Svá er ok ef hverfr úr einni hirslu fé sjálfs hans ok þat er hann hirði . . .

Kap. 16. Um ábyrgð á láni ok ef tveir eigu einn grip.

Nú ef maðr lér grip sinn, þá skal hverr láni heilu heim koma eða gjalda verð eiganda sem . . . skynsamir menn meta, nema hinn tynist, er lét var, með láni, því at eigi mátti hann þat lán ábyrgjast er hann mátti eigi líf sjálfs síns. Eigi á erf-

ingi fyrir þat lán at bæta. Heimilt verðr skip eða hross eða annarr gripr þeim er lét er ok öllum þeim er hann vill í þeiri för, ef hann hefir eigi lengr eða víðara. En engum skal hann ljá, ef hinn hefir þat frá skilt er léði. Nú skal engi lán hafa lengr en lét er. . . . Nú þó at maðr fari með eyk annars manns at láni eða leigu, þá skal sá ábyrgjast er hest á, þó at hann geri nokkurum skaða, ef eigi er af þess völdum ok vangæslu er með ferr. Ef maðr tekr grip manns óleigðan, hest eða skip, hvárt sem er meira skip eða minna, eyki eða aðra hluti þvílíka, bæti skaða allan þann, sem hann hefir af. . . . En ef maðr tekr skip manns, þá skal hann einni sök fyrir svara sik ok

ómaga sína. Ef fleiri menn eru í einni för, þar er óskil verða ger um hrossreiðir eða hrossa eptirrásir, þá sekjast þeir einir er óskil gera á, en ekki þeir er skil vilja á gera. Ef maðr tekr eyk manns, ok sé eigi öðrum um varðveislu boðit svá at hann viti, ok færir þeim er á ok fari svá með sem hann ætti, þá sekist hann eigi, ef hann vildi hinum í því gagn gera. Nú eigu tveir menn eða fleiri saman eyk eða skip eða aðra gripi, þá ábyrgist sá at öllu er með ferr, en hverjum þeira er heimilt í sína þörf, en eigi á hann at ljá eða byggja at óleyfi þess er á með honum. En ef hann gerir þat, þá svari hann þeim er á með honum, en hinn sé sýkn saka er lét var eða leigði. . . .